

Umsagnaraðili.

Landssamtök skógareigenda. (LSE)

Umsögn um

Þingskjal 1163 — 689. mál.

Tillaga til þingsályktunar

um landsskipulagsstefnu 2015–2026.

Athugasemdir:

Landssamtök skógareigenda (LSE) vill vekja athygli á því að skógrækt á bújörðum er landbúnaður og að skógarbændur eru aðilar að Bændasamtökum Íslands. LSE telur mikilvægt fyrir framtíð skógræktar sem atvinnugreinar að skipulag á landbúnaðarsvæðum séu ekki með þeim hætti að settar séu meiri skorður á einn ræktunarflokk umfram annarra ræktunarflokka. Með því að taka skógrækt til hliðar við aðra landnotkun er verið að skerða þann rétt landeigenda til að nýta land sitt á sem hagkvæmasta hátt. Eignaréttur er lögvarinn réttur í Stjórnarskrá Íslands.

Í tillögu að landsskipulagsstefnu 2015-2026 eru ákveðnar skoðanir á því hvernig landeigendur skipuleggi og nýti land sitt og hvernig sveitastjórnir eigi að flokka land til ræktunar. Árangur af ræktun ræðst af frjósemi lands og hæfni ræktandans til að ná sem bestum árangri og arðsemi út úr landi sínu.

Skógrækt er afturkræf framkvæmd og ekkert því til fyrirstöðu að fella skóg ef nýta á landið undir aðra mikilvægari ræktun.

Í kafla 2. Skipulag í dreifbýli

grein 2.3.1 Skipulag landbúnaðarlands stendur m.a.

Í aðalskipulagi byggi skipulagsákvörðanir um ráðstöfun lands í dreifbýli til landbúnaðar og annarrar nýtingar á flokkun landbúnaðarlands. Landi sem hentar vel til ræktunar verði almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti. Val á svæðum til skógræktar og stefna um þau taki mið af því að skógrækt falli vel að landi og eftir því sem við á séu samþætt sjónarmið skógræktar, landbúnaðar og útivistar. Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðarflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðun um landbúnaðarland.

Umsögn LSE: Tillaga að breytingu á greininni.

Í aðalskipulagi byggi skipulagsákvörðanir um ráðstöfun lands í dreifbýli til landbúnaðar og annarrar nýtingar á flokkun landbúnaðarlands. Landi sem hentar vel til ræktunar verði almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti. Við val á svæðum til skógræktar verði aðstæður metnar og stefnt að sem bestum árangri í ræktuninni. Samspil skógræktar við annan landbúnað, útivist og ferðapjónustu verði eðlilegur þáttur í heildarskipulagi landbúnaðarlands. Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðarflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðun um landbúnaðarland.

Í kafla 2.3.2 flokkun landbúnaðarlands stendur

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið í samstarfi við Skipulagsstofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga, Landgræðslu ríkisins og Bændasamtök Íslands stendur fyrir gerð leiðbeininga um flokkun landbúnaðarlands til nota við skipulagsgerð og aðra stefnumótun um landnýtingu

LSE ásamt öðrum aðilum úr skógargeiranum sendi inn til Skipulagsstofnunar athugasemnd varðandi það að skógrækt ríkisins eigi fulltrúa í samstarfshópi um gerð leiðbeininga um flokkun landbúnaðarlands til að nota við skipulagsgerð. Tekið var tillit til þeirra athugasemda og því ber að fagna.

Hugleiðingar LSE:

LSE ásamt fleyrum hafa sent inn til skipulagsstofnunar margar athugasemdir er varðar landsskipulagsstefnunnar. Fengum fund með skipulagsstjóra til að skýra okkar mál. Okkur skógræktarfolki heufr fundist uppskera þeirra vinnu heldur rýr en fögnum þó því sem við komum til leiðar en það er að Skógrækt ríkisins fái fulltrúa í starfshóp um gerð leiðbeinga um flokkun á ræktunarlandi.

Mikilvægt er að hafa í huga gildi skóga og kjarrlendis til að draga úr áhrifum öskufoks í kjölfar eldgosa. Einnig mikilvægi skóga til að binda land, sem minnkar líkur á skriðuföllum og að land fjúki.

Einnig mikilvægt að hafa í huga skuldbindingar Íslendinga í loftlagsmálum, um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eða með því að auka kolefnisbindingu með skógrækt og landgræðslu.

LSE skorar á alþingi að standa við vörð um rétt landeigenda til að nýta land sitt á sem hagkvæmastan hátt. Einnig skorar LSE á ríkisstjórnina að standa við orð sín um að stórauka skógrækt í landinu. Verið er að byggja upp arðbæra atvinnugrein sem á eftir að skila miklu til þjóðarbúsins. Aðalforsenda þess að hægt sé að stunda hagkvæma skógrækt er að hvergi séu hnökrar á virðiskeðjunni allt frá ræktun skógarins, umhirðu, uppskeru, vinnslu, markaðssetningu og sölu afurða.

Fyrir hönd

Landssamtaka skógareigenda

Hrönn Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri.

